

Fundargerð 88. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í fjarfundi á teams, 28. mars 2023, kl. 14:30

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni landshluta
2. Aðgerðaáætlun í málefnum sveitarfélaga – hvítbók.
3. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR fór 15:30), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Hafþór Einarsson (MRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Reinhard Reynisson (Byggðastofnun), Berglind Kristinsdóttir (landshlutasamtökunum) sat fundinn frá öðrum lið dagskrár.

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Þórarinn Sólmundarson (HVIN),

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. **Áhersluverkefni landshluta.** Stýrihópnum höfðu borist 10 ný áhersluverkefni frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS), en verkefni annarra landshluta hafa að mestu verið afgreidd. Afgreiðsla verkefna SSS var með þessu hætti: sex verkefni voru staðfest, fjögur voru staðfest með ábendingum.
2. **Aðgerðaáætlun í málefnum sveitarfélaga – hvítbók.** Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, verkefnisstjóri áætlunarinnar kynnti aðgerðatillögur sem settar hafa verið fram í samráðsgátt stjórnvalda.
3. **Önnur mál.** Fyrir fundinn hafði verkefnisstjóri sent kynningarbréf vegna byggðaráðstefnunnar „Búsetufrelsi?“ sem haldin verður í Reykjanesbæ þann 2. nóvember. Undirbúningshópurinn óskar eftir tillögum stýrihópsins að fyrirlesurum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40